

TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um fjölgun íslenskuvera

Lagt er til að íslenskuverum verði fjölgað í Reykjavík þannig að eitt slíkt sé í hverju hverfi. Íslenskuver er hugsað fyrir nemendur sem koma ný inn í skólakerfi borgarinnar. Um börn með takmarkaða eða jafnvel enga skólagöngu að baki getur verið að ræða. Einhver börn koma vegna umsókna um alþjóðlega vernd eða sem börn á flóttu. Þarna er um ungmenni að ræða sem þurfa á mikilli íslenskukennslu á að halda fyrstu mánuði þeirra hér svo þau dragist ekki aftur úr jafnöldrum. Íslenskuvernið sinnir því hlutverki og mikilvægt er að það sé aðgengilegt börnum í öllum hverfum, í nærumhverfi þeirra. Nú starfa fjögur íslenskuver í borginni en nauðsynlegt er að þeim sé fjölgað.